

Fundargerð

7. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum
23. júní 2021 kl. 10:00, Fróðleiksmolanum, Reyðarfirði

Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Ásta Einarsdóttir (ÁE), Ásta Þorleifsdóttir (ÁÞ), Elfa Hlín Pétursdóttir (EHP), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG), Eydís Ásbjörnsdóttir (EÁ), Gauti Jóhannesson (GJ) og Sigurður Ólafsson (SÓ).

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAA) og Hrafnhildur Bragadóttir (HB) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Nýtingarflokkar í strandsvæðisskipulagi.

EAA kynnti yfirstandandi vinnu Skipulagsstofnunar við útfærslu nýtingarflokka og fjallaði sérstaklega um tilgang þeirra, sem er að skapa aðstæður á hverju svæði fyrir mismunandi nýtingu og vernd og stuðla að viðhaldi þeirra aðstæðna.

Rætt var um áhrif skipulagsins á starfsemi sem ekki er stunduð nú en kann að verða áhugi á síðar. ÁE ítrekaði ábendingar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem sendar voru Skipulagsstofnun 15. júní, þess efnis að skoða verði hvort rétt sé að útiloka tiltekna nýtingu í hverjum nýtingarflokki. Hún nefndi að skipulagið þurfi að vera opið fyrir nýrri starfsemi. SG tók fram að tilgangur skipulagsins sé að móta heildarsýn um nýtingu svæðisins byggt á þeirri starfsemi sem nú er þekkt. Ef nýjar nýtingarhugmyndir komi til þurfi að taka afstöðu til þess hvort breyta þurfi skipulaginu.

ESG vakti máls á því hvort ástæða væri til að hafa orkuvinnslu gulmerkta í flokkum staðbundinnar og almennrar auðlindanýtingar. Hún nefndi að sterk rök þurfi fyrir því að útiloka orkuvinnslu á svæðum þar sem gert er ráð fyrir margs konar annarri nýtingu.

ÁP ítrekaði ábendingar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um að nota eigi orðið *siglingaleið* í stað *flutningaleið* fyrir nýtingarflokk fyrir samgöngur.

2. Vinna við mótun strandsvæðisskipulags á Austfjörðum.

EAA lýsti vinnu Skipulagsstofnunar við mótun tillögu að strandsvæðisskipulagi. Unnið er annars vegar að stefnuskjali og hins vegar uppdraetti að svæðinu. EAA fjallaði um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar og hvernig afrakstur forsendugreiningar, samráðs og umfjöllunar svæðisráð leggst saman við mótun stefnunnar. Hún vék að álitafnum sem vaknað hafa varðandi viðmið fyrir nýtingarflokka, m.a. um breidd siglingaleiða, hvernig mismunandi umhverfisverndarsvæði verði afmörkuð og hvernig svæði til staðbundinnar nýtingar verði afmörkuð. Hún sýndi kort af Fáskrúðsfirði sem dæmi um hvernig unnið er með upplýsingar um svæðið (m.a. veiðar, siglingaferla, fiskeldi, ferðaleiðir, æðarvarp og verndarsvæði) og áherslur sem eru að mótast í svæðisráðinu.

3. Uppbygging stefnu í strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum.

EAA kynnti vinnu Skipulagsstofnunar við uppbyggingu skipulagstillögunnar. Rætt var um að þörf væri á að sýna með skýrum hætti tengsl við aðrar áætlanir. Rætt var um framkvæmd umhverfismats skipulagsáætlunarinnar.

4. Ferlið framundan.

SG fjallaði um stöðu vinnunnar og næstu skref. Skipulagsstofnun vinnur nú að fyrstu drögum að tillögu sem stefnt er að því að ræða á fundi svæðisráðs í byrjun september (8. fundi). Drögin verða send svæðisráðinu viku fyrir fundinn. Í framhaldi af þeim fundi er áætlað að kynna fyrstu drög í heild eða hluta á fundi með samráðshópi sem og sveitar- og hafnarstjórnnum og halda stuttan fund í svæðisráðinu





í kjölfarið (9. fund) til að fjalla um framkomnar athugasemdir. Í lok september eða byrjun október er ætlunin að halda fund í svæðisráði (10. fund) til að fjalla um drög að tillögu. Engar athugasemdir voru gerðar við þetta fyrirkomulag.

5. Önnur mál.

Rætt var um aðkomu svæðisráðs að mótun nýtingarflokka. Fram kom að skilgreining nýtingarflokka sé ekki háð samþykki svæðisráðs og að til greina komi að samþykkja þá í formi reglugerðar enda séu þeir gerðir fyrir allt landið en ekki einstök strandsvæði.

Fundargerð var samþykkt.

Fundi var slitið klukkan 13:17.





Þyðis Ásbjörnsd.
Sigrún Elva
Gauti Elva
Stk Sigrúnur Gestabólta